

3. gr.

Gildistaka og gildistími.

1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við reglugerð nr. 319/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 30. nóvember 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

18. ágúst 1986

Nr. 379

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. ágúst 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Þingeyrar 1985—2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingeyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Jafnframt fellur úr gildi staðfestur skipulagsuppdráttur af Þingeyri frá 10. febrúar 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1986.

Alexander Stefánsson.

Pórhildur Línadal.

15. ágúst 1986

Nr. 380

REGLUGERÐ**um hækkun á bótum almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 3,39% frá 1. september 1986 að telja frá því sem þær eru 31. ágúst 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. september 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 267/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. ágúst 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.